

Áveitan

11 tbl. 8. árgangur. Nóvember 2014

Tónahátíð í Flóahreppi

Stormsveitin

Laugardagskvöldið 15. nóvember verður seinni viðburður Tónahátíðar Flóahrepps þetta árið á dagskrá. Þá mun stíga á svið í Félagslundi Stormsveitin sem er 20 manna karlakór. Efnisskrá Stormsveitarinnar spannar allt frá Brennið þið vitar Páls Ísólfssonar til Metallica og allt þar á milli. Stormsveitin hefur starfað síðan á haustdögum 2011 og hefur haldið nokkra tónleika ásamt að hafa komið fram á hinum ýmsu skemmtunum. Kórinn er fjórraddaður og syngur metnaðarfullar útsetningar við kröftuga rokktonlist. Helsta markmið Stormsveitarinnar er að skemmta sér við að skemmta öðrum.

Skemmtum okkur saman í Félagslundi 15. nóvember.

Húsið opnar kl. 20:30, miðaverð 2.000 kr.

Léttar veitingar seldar á staðnum

Rekstrarstjórn félagsheimilanna



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Ágætu íbúar.

Almannavarnir og viðbrögð við náttúruvá:

Við búum í fallettu landi sem mótað er af sterkum öflum náttúrunnar. Enn og aftur minna eldsumbrot, nú í Holuhrauni, okkur á breytileikann og það að við þurfum stöðugt að vera viðbúin því að bregðast við og taka tillit til afla sem við fáum ekki stýrt. Almannavarnateymið okkar er á vaktinni og unnið er á svokölluðu „hættustigi“ Rýmingaráætlanir almannavarna snúa þó eingöngu að mannfólkinu og því reynir á bændur og aðra atvinnurekendur að gera viðbragðsáætlanir hver á sínu búi hvað snertir atvinnustarfsemina.

Oddviti og sveitarstjóri áttu nýverið fund með formönnum búnaðarféлага, umsjónarmanni fasteigna og starfsmönnum veitna. Á fundinum var farið yfir nokkur atriði sem gott er að hafa í huga ef til rýmingar kæmi af bæjum í sveitarfélaginu eða hugsanlegs rafmagnsleysis af völdum flóða. Lögð er áhersla á að íbúar fari sparlega með vatn því hætta er á að þrýstingur á veitunum geti minnkað þó ekki sé gert ráð fyrir vatnsleysi. Lögð er áhersla á að búfjáreigndur fari yfir aðstæður hver hjá sér og tryggi sér aðstoð við smölun þar sem það á við. Haft hefur verið samband við starfsmann MAST sem sinnir forðagæslu, og óskað eftir því að allir þeir sem halda búfénað séu skráðir og þeir sem ekki búa á svæðinu tilnefni tilsjónarmann sem búsettur er á svæðinu. Það er von okkar allra að ekki komi til stórra atburða í tengslum við eldgos en það er skylda okkar að vera viðbúin.

Hvatagreiðslur:

Íbúar eru minntir á að umsóknarfrestur um hvatagreiðslur skv. reglum um styrki til íþróttá-, lista-, og tólmundaiðkunar rennur út 1. desember 2014. Styrkirnir eru greiddir út eftir miðjan janúar 2015. Nánari upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins eða á skrifstofu Flóahrepps í

síma 480 4370.

Verklok við Urriðafoss - Umhverfisverðlaun Flóahrepps 2014

Formleg verklok á framkvæmdum við Urriðafoss hafa verið ákveðin 8. nóvember n.k. klukkan 14.00. Að athöfn lokinni þar verður farið í Þingborg þar sem Umhverfisverðlaun Flóahrepps verða afhent. Nánar auglýst á heimasíðu Flóahrepps.

Sveitarstjóri Flóahrepps.

Kaffisamsæti fyrir eldri borgara í Flóahreppi 18. nóvember.

Í tilefni af degi íslenskrar tungu, og fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar 16. nóvember ætla börn og starfsfólk í leikskólanum Krakkaborg og Flóahreppur að bjóða öllum eldri borgurum í Flóahreppi, ásamt mökum, til kaffisamsætis í Félagsheimilinu Þjósárveri **Þriðjudaginn 18. nóvember** klukkan 14:30. Boðið er uppá stutta dagskrá þar sem sungnir verða íslenskir textar, en kaffiveitingar eru í boði Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps. Þátttaka tilkynnist á skrifstofu Flóahrepps í síma 480-4370 fyrir **föstudaginn 14. nóvember**.

Jóna Björg Jónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Tilboð óskast í borð 150x70 10stk með föstum fæti. Þetta eru borð sem koma úr Félagslundi. Uppl í s. 8982554. Tilboð sendist á floahreppur@floahreppur.is Tilboð opnuð þann 14/11.

Messa í Gaulverjabæjarkirkju 9. nóvember kl. 14:00.
Prestur er Sr. Jón Ragnarsson.
Organisti Haukur Gíslason.

Afleysingar

Tek að mér afleysingar og ýmis verk fyrir bændur. Uppl. í 865-7001
Einar Magnússon.

BAZAR

**Kvenfélögin í Flóahreppi minna á bazar sem haldin verður í
Þingborg laugardaginn 8.nóv kl.14-18.
Njótum skemmtilegrar dagskrár og kaffihúsamenningar mætum öll
og styrkjum gott málefni.**

Kvenfélögin Gaulverjabæjahreppi, Hraungerðishreppi og
Villingaholtshreppi.

Jóla opnun á Gler og keramik verkstæði Fanndísar Gamla mjólkurhúsinu á Brúnastöðum

29.-30. nóv opið 10-18

6.-7. des kl 10-18

13.-14. des kl 10-18

15.-19. des kl 18-22

20.-21. des kl 10-18

22. des kl 10-20

23. des kl 10-22

www.fanndis.com

<https://www.facebook.com/pages/Fannd%C3%ADs/145769287327?ref=hl>

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Kæru kvenfélagskonur.

Elsa Birna á Hlíðarbrún ætlar að bjóða til samverustundar heima hjá sér miðvikudaginn 12. nóvember frá kl: 20:00. Heitt verður á könnunni en við komum með meðlæti á kökuborðið.

Sjáumst sem flestar og eigum saman góða kvöldstund.

Jólafundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg laugardaginn 6. desember kl. 11:00. Eftir fundarstörf verður hátíðarmatur í boði Kvenfélagsins. Hlökkum til að sjá ykkur sem flestar og eiga notarlega samverustund í byrjun aðventunnar. Nýir félagar velkomnir.

Jóla- og gjafakort SSK verða til sýnis og sölu en allur ágóði rennur í sjúkrahússjóð.

Með bestu kveðju,
Stjórnin.

Matarhópur: Halla Kjartansdóttir, Bryndís Rósantsdóttir, Þórhildur Rúnarsdóttir, Sigurbára Rúnarsdóttir, Helga Hermannsdóttir, Elín Magnúsdóttir og Þórunn Pétursdóttir.

Frá Umf. Baldri

Þorablót Umf Baldurs og Sandvíkurhrepps

Hið sívinsæla þorablót Umf. Baldurs og Sandvíkurhrepps verður haldið í Þingborg laugardagskvöldið 7. febrúar 2015. Verið er að ganga frá ráðningu á hljómsveit sem mun sjá um að láta fólk hreyfa sig í dansi að lokinni hefðbundinni skemmtidagskrá, verður auglýst síðar. Að sjálfsgöðu mun hlaðborðið svigna undan hefðbundnum þorakraesingum í anda ungmennafélaganna og skemmtinefndarinnar.

Nánar auglýst þegar nær dregur að venju. En takið kvöldið frá, byrjið að æfa dansanna og kitla hláturtaugarnar því af þessu vill engin missa.

Glímufréttir

Fyrsta glímumót vetrarins fór fram á Laugalandi 1. nóvember. Tveir liðsmenn Þjótanda öttu þar kappi við jafnaldra sína allstaðar af á landinu á Íslandsmeistaramóti 15 ára og yngri bæði í einstaklingskeppni og sveitaglímu.

10 ára og yngri (3 keppendur)

2. Sæþór Atlason 1 vinn.

11 ára stærri (4 keppendur)

2. Unnsteinn Reynisson 2 vinn.

Í sveitaglímunni voru bæði Unnsteinn og Sæþór í sigursveit HSK A sem hampaði Íslandsmeistartitli í flokki 10-11 ára.

Æfingar

Glímuæfingar eru á mánudögum frá 14 til 15 í Þjósárverri og á fimmtudagskvöldum frá 20 til 21:30 í Félagslundi fyrir eldri iðkendur. Allir velkomnir.

Málþing Ungmennafélaganna í Flóahreppi

Mánudagskvöldið 13. október fór fram í Félagslundi Málþing um framtíð ungmennafélagsstarfs í Flóahreppi. Þinghaldarar voru ungmennafélögin Baldur, Vaka og Samhygð en undanfarin misseri hafa félögin velt fyrir sér möguleikum á enn nánara samstarfi en nú er við lýði. Um þrjátíu manns sóttu fundinn sem var í alla staði málefnalegur og upplýsandi. Dagskrá fundarins var með þeim hætti að fyrst var starf ungmennafélaganna í dag kynnt og farið yfir helstu kosti sem forsvarsmenn þeirra sjá fyrir sér um nánara samstarf eða sameiningu. Því næst var fundarmönnum skipt upp í þrjá umræðuhópa þar sem ákveðnar spurningar voru ræddar sem áhræra framtíð ungmennafélagsstarfs. Að lokum voru niðurstöður hópanna kynntar og

opnað fyrir umræður. Fundargestir voru almennt hlyntir nánari samstarfi eða sameiningu félaganna en vildu þó að stigið yrði varlega til jarðar, þá sérstaklega þegar kemur að því að skoða eignir félaganna.

Í framhaldi þessa fundar munu forsvarsmenn Baldurs, Samhygðar og Vöku halda áfram vinnu að nánari samstarfi félaganna og hefur þar helst verið rætt að stofna nýtt félag sem tæki við hlutverki hinna þriggja. Á málþinginu var óskað eftir fólki sem hefði áhuga á að koma að þessari vinnu og er það ítrekað hér með. Áhugasamir geta haft samband við formenn Baldurs, Samhygðar eða Vöku sem eru Baldur Gauti Tryggvason, Stefán Geirsson og Guðmunda Ólafsdóttir.

Frjálsíþróttافرéttir

Þrír strákar úr keppnisliði Þjótanda fóru á frjálsíþróttamótið Inni Gaflarinn sem haldið var í nýju frjálsíþróttahöllinni í Hafnarfirði 25. október síðastliðinn. Strákarnir stóðu sig með þryði á mótinu og komu heim með ein gullverðlaun. Árangur á mótinu var eftirfarandi:

Piltar 11-12 ára

Unnsteinn Reynisson '02	Kúluvarp	6,30m	8. sæti (2kg)
	400m hlaup	87,56sek	21. sæti
	60m hlaup	10.41sek	20.-21. sæti
	Langstökk	3,25 m	17. sæti
Dagur Fannar Einarsson '02	Langstökk	3,93 m	8. sæti
	60m hlaup	8,97sek	6. sæti
	400m	70,83sek	4. sæti

Piltar 13-14 ára

Stefán Narfi Bjarnason '00	Þristökk	9,20m	6. sæti
	60m hlaup	8,76	4. sæti
	Kúla	10,76 m	1. sæti(4kg)

Ritstjórn bendir lesendum sínum og pistlahöfundum á að skila efni til ritstjórnar tímanlega. Áveitan kemur út um hver mánaðarmót og er gott að efni og auglýsingar fyrir Áveitu desembermánaðar berist ekki síðar en föstudaginn 28. nóvember á netföng ritstjórnar sem birt eru á síðu 2.

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing eldri	4. nóvember
Skákæfing	5. nóvember
Glímuæfing eldri	6. nóvember
Bazar í Þingborg	8. nóvember
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	9. nóvember
Glímuæfing yngri	10. nóvember
Íþróttæfing eldri	11. nóvember
Skákæfing	12. nóvember
Samverustund Kvf. Hraung.hr.	12. nóvember
Glímuæfing eldri	13. nóvember
Stormsveitin í Félagslundi	15. nóvember
Glímuæfing yngri	17. nóvember
Íþróttæfing eldri	18. nóvember
Eldriborgarakaffi í Þjósárveri	18. nóvember
Skákæfing	19. nóvember
Glímuæfing eldri	20. nóvember
Glímuæfing yngri	24. nóvember
Íþróttæfing eldri	25. nóvember
Skákæfing	26. nóvember
Glímuæfing eldri	27. nóvember



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160